



Ytra mat

Leikskólinn Skýjaborg

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Björk Ólafsdóttir og Sigrún Einarsdóttir

© Menntamálastofnun, 2018.

ISBN 978-9979-0-2203-9

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	8
Leikskólinn	8
Starfsmenn	8
Húsnæði	8
Útileiksvæði	9
Hugmyndafræði og áherslur	9
Stjórnun	11
Stjórnskipulag	11
Námskrá og áætlanir	11
Stjórnun og starfsmenn	11
Fagleg forysta	12
Starfsandi og starfsánægja	13
Uppeldis- og menntastarf	15
Námsaðstæður	15
Starfshættir	15
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	16
Námssvið	16
Velferð og líðan barna.	17
Mat á námi og velferð barna	17
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	19
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	19
Viðhorf foreldra	19
Samstarf við grunnskóla	20
Annað samstarf	20
Skóli án aðgreiningar	21
Skólaþjónusta og sérkennsla	21
Börn með annað móðurmál en íslensku	21
Innra mat	22
Skipulag og viðfangsefni	22
Gagnaöflun og vinnubrögð	22
Opinber birting og umbætur	22
Matsþættir	24
Samantekt.	25
Lokaorð	28
Heimildir.	29

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem settar eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólahúsnæðið er rúmgott miðað við fjölda barna og býður upp á tækifæri til fjölbreyttra verkefna. Það uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Engu að síður ætti að athuga með að bæta aðstöðu til hreyfipjálfunar innandyrna. Leikskólalóðin er stór, skemmtilega hönnuð og býður upp á mikla möguleika og einnig svæðið fyrir utan leikskólann. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara. Til að bregðast við þessu hefur Hvalfjarðarsveit sett reglur um styrki til nema í leikskólakennarafræðum og leikskólaliðanámi. Áfram þarf að leita leiða til að fá leikskólakennara til starfa og sömuleiðis að draga úr starfsmannaveltu. Hvalfjarðarsveit hefur sett sér skólastefnu og endurspeglast hún vel í hugmyndafræði og áherslum Skýjaborgar. Leikskólinn er í góðu samstarfi við fræðslu- og skólanefnd sveitarfélagsins. Stefna Skýjaborgar og gildi eru skýrt fram sett í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans en engu að síður þarf að kynna stefnuna betur fyrir foreldrum og nýju starfsfólki og gera gildin sýnilegri í umhverfinu. Efla má umræðu um hugmyndafræði leikskólans meðal starfsfólks og gera hana sýnilegri í starfi. Til fyrirmyndar er að deildarnámskrá er sett fram fyrir báðar deildir leikskólans með markmiðum og leiðum fyrir deildarstarfið. Vel er búið að skólaþjónustu við Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi og er sýnilegur í leikskólanum. Þátttakendur í rýnihópum voru ánægðir með stjórnun leikskólans. Starfsandi og skólabragur er góður, traust og gagnkvæm virðing er á milli starfsfólks og því líður vel í vinnunni. Góð samvinna er á milli starfsmanna. Fjármagn til símenntunar er ríflegt og stjórnendur skapa svigrúm og hvetja til símenntunar. Til að gera símenntunina markvissari ætti að gera áætlun um hana fram í tímann og birta í starfsáætlun. Starfsþróunarsamtöl eru regluleg fyrir alla starfsmenn. Meðal starfsmanna er ánægja með vikulegt skólafréttabréf og upplýsingagjöf sem þeir fá með fundargerðum en bæta þarf upplýsingagjöf til starfsmanna þegar kemur að einstaka börnum og sérþörfum þeirra. Leita þarf leiða til að koma í veg fyrir að veikindi og mannekla valdi því að undirbúningstímar og deildarfundir falli niður og sjá til þess að persónuupplýsingar séu varðveittar með öruggum hætti. Stjórnendur ættu markvisst að fylgjast með námi og starfi á deildum í því skyni að veita starfsfólki endurgjöf. Jafnframt ætti að huga að því að leikskólastjóri hafi faglegan vettvang til að styrkja sig sem stjórnanda. Nokkuð er til af skráðum gögnum til stuðnings við leikskólasterfið, svo sem skólanámskrá, starfsáætlun, handbók fyrir starfsfólk og nýja foreldra. Fjölmenningsstefna hefur verið sett fram og unnar áætlanir um jafnrétti og lífsleikni. Þörf er á að vinna áfallaáætlun og setja saman áfallateymi og skrá verklagsreglur um hvernig bregðast eigi við slysum á börnum. Einnig er þörf á að skrá með skýrari hætti hvernig staðið er að móttöku og upplýsingagjöf til nýrra starfsmanna og móttöku nýrra barna og foreldra.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Námsumhverfi barna í Skýjaborg er hvetjandi og skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir fjölbreyttum möguleikum til leikja og náms. Áhersla er á opinn efnivið og frjálsum leik er gefið gott rými í dagskipulagi deilda. Leikskólalóðin er vel skipulögð og umhverfi leikskólans býður upp á fjölbreytt tækifæri til vettvangsferða og útináms. Áherslur í uppeldisstarfi eru sýnilegar á veggjum deilda. Unnið er markvisst að málörvun og læsi og leikskólinn býr að fjölbreyttum kennslugögnum því tengdu. Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar er *Skóli á grænni grein* og unnið er að sjálfbærni á leikskólasviðinu með áherslu á útnám. Börnin eru glöð og áhugasöm, sýna styrkleika í samskiptum og finnast gaman í leikskólanum.

Starfsmenn sýna börnunum virðingu og umhyggju og viðmót þeirra er jákvætt og hvetjandi. Fjölbreyttar leiðir eru farnar við að meta nám og velferð barna og börnin taka þátt í að meta líðan sína. Engu að síður væri æskilegt að koma á markvissum skráningum í ferilmöppum í þeim tilgangi að meta nám barna. Tækifæri liggja í að auka lýðræðislega þátttöku barna og áhrif þeirra á skipulag leikskóla-starfsins og viðfangsefni. Einnig ætti að huga að því að gera vísindum og stærðfræði hærra undir höfði og leggja áherslu á markvisst útinám samkvæmt áherslum leikskólans.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Skólaráð er starfandi við leik- og grunnskólann. Ráðið fundar reglulega, hefur gert sér starfsáætlun og vinnureglur og fundargerðir eru skráðar og birtast á heimasíðu. Foreldrafélag er einnig starfandi sem styður vel við leikskólastarfið. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og foreldrar eru ánægðir með þær upplýsingar sem þeir fá um stöðu barnsins. Foreldrahandbók er til sem foreldrar fá þegar þeir byrja með barnið sitt í leikskólanum. Skipulagt samstarf er milli leikskóla og grunnskóla. Almennt eru foreldrar ánægðir með samskipti við starfsfólk en engu að síður þarf að leita leiða til að samræma áherslur um hvernig tekið er á móti börnum í upphafi dags og þau kvödd í lok dags. Auka þarf samtal og upplýsingagjöf til foreldra um innra starf og samræma verklag á milli deilda. Æskilegt er að foreldrar taki þátt í að meta stöðu og framfarir barna sinna.

Skóli án aðgreiningar

Sérkennari er starfandi við leik- og grunnskólann auk þess sem talmeinafræðingur og sálfræðingur koma reglulega. Vel er staðið að sérkennslu barna, s.s. málörvun, og fer stuðningur að mestu fram í barnahópnum. Lögð er áhersla á snemmtækta íhlutun og að bregðast strax við ef grunur vaknar um frávik. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem njóta sérkennslu og skipað teymi í kring um þau. Gera þarf skriflega stefnu um framvæmd sérkennslu og stuðning í leikskólanum. Boðið er upp á túlkabjónustu í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku.

Innra mat

Í skólanámskrá og starfsáætlun er fjallað um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta sitt innra starf en hann notar meðal annars matskerfið *Barnið í brennidepli*. Áætlun um innra mat á skólaárinu liggur fyrir en gera þarf matsáætlun til lengri tíma sem endurspeglar hvenær helstu þættir starfsins eru metnir. Meta ætti markmið skólanámskrár markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur. Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við gagnaöflun og allir starfsmenn eru virkjaðir til þátttöku í innra mati og í umræðum um þróun og umbætur. Börnin eru einnig þátttakendur í innra mati en skoða má hvernig foreldrar geta komið markvissar að því. Hugsa ætti að stofnun matsteymis með fulltrúum stjórnenda, starfsfólks og foreldra þannig að allir hópar geti komið að því að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati. Greinargerð um innra mat og áætlun um umbætur er hluti af starfsáætlun leikskólans, sem er birt á heimasíðu og borin undir foreldraráð til umsagnar. Greinargerðin er vel fram sett en þó mætti draga betur saman helstu styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir matið í heild sinni.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Skýjaborg. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Björk Ólafsdóttur, Sigrúnu Einarsdóttur og Elsu Pálsdóttur og fór fram á vettvangi 25. og 26. apríl 2018. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðipjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og leikskólakennara í umbótum á eigin starfi, hvetja leikskólakennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 28. mars á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn dvöldu tvo daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á báðum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, starfsmenn, foreldra og börn. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra, sérkennara og haft var samband við formann fræðslu- og skólanefndar. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Fylgst var með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.³ Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlestrar.

1 Lög um leikskóla nr. 90/2008.

2 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbóta- og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

3 Sjá nánar í lok skýrslunnar.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar varð til við sameiningu leikskólans Skýjaborgar og grunnskólans Heiðarskóla árið 2011.⁴ Sögu Skýjaborgar má rekja til ársins 1991 þegar fyrsti vísir að leikskólanum Fannahlíð varð til. Leikskólinn var formlega stofnaður árið 1996 og var í fyrstu rekinn í félasheimilinu Fannahlíð. Byggt var húsnæði í Melahverfi undir leikskólann og var hann opnaður þar árið 1999 og fékk þá nafnið Skýjaborg. Til að byrja með var ein deild í leikskólanum en árið 2007 var hann stækkaður og annarri deild bætt við. Deildirnar eru aldursskiptar og á yngri deild, Dropanum, eru börn á aldrinum 1-3 ára og á eldri deild, Regnboganum, eru börn á aldrinum 4-6 ára. Leikskólinn er gjaldfrjálst fimm klukkustundir á dag, frá kl. 9:00 til 14:00.

Í Skýjaborg dvelja 40 börn, 19 stúlkur og 21 drengur á aldrinum eins árs til sex ára. Ekkert barn er með skilgreinda sérkennslu í leikskólanum. Tvö börn eru með annað móðurmál en íslensku og fær hvort þeirra úthlutaðan stuðning sem nemur einni klukkustund á dag vegna málörvunar. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:30-17:00 alla daga.

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 12 starfsmenn í 9,42 stöðugildum, allt konur. Stjórnunarhlutfall við leikskólann er 1,10 stöðugildi. Stjórnendur eru báðir leikskólakennarar. Tveir deildarstjórar starfa við leikskólann, annar þeirra er leikskólakennari og hinn framhaldsskólakennari. Annar þeirra er jafnframt í 10% stöðugildi sem aðstoðarleikskólalastjóri. Einn starfsmaður er í grunnskólakennaranámi og annar starfsmaður er menntaður rússneskukennari frá Moldovíu en er ekki með leyfisbréf til kennslu hér á landi. Sérkennari kemur einn dag í viku yfir veturinn en er utan stöðugilda leikskólans. Hann er þroskaþjálfari að mennt með leyfisbréf til kennslu. Í eldhúsinu starfar matráður í 100% starfi.

Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara. Fram kom í samtali við formann fræðslu og skólanefndar að í nefndinni hefur nokkuð verið rætt um aðgerðir til að fjölga fagfólki í Skýjaborg. Hefur Hvalfjarðarsveit gripið til þess að setja reglur um styrki til nema í leikskólakennarafræðum og leikskólalíðanámi með það að markmiði að fjölga leikskólakennurum og leikskólalíðum í leikskólanum.

Mikil starfsmannavelta hefur verið í vetur og kom fram í rýnihópum að það hefur sett faglegu starfi skorður.⁵ Foreldrar í rýnihópi létu í ljós óánægju vegna þessara breytinga í starfsmannahópnum.

Húsnæði

Húsnæðið er rúmgott miðað við fjölda barna. Það uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Húsnæðið býður upp á tækifæri til fjölbreyttra verkefna, það er bjart og hljóðvist góð. Skýjaborg hýsir tvær leikskóladeildir. Á eldri deild eru börn á aldrinum 4-6 ára. Deildin hefur til umráða þrjár leikstofur, listastofu, salerni og fataklefa. Ein leikstofan hefur verið nýtt sem sérkennsluherbergi en þar sem ekkert barn í leikskólanum er með skilgreinda sérkennslu í vetur nýttist hún sem deildarrými. Á yngri deild eru börn á aldrinum 1-3 ára. Deildin hefur til umráða rúmgóða leikstofu, hvíldarherbergi, listastofu, salerni og fataklefa. Ekki er í leikskólanum sérstakt rými fyrir hreyfileiki og hreyfiþjálfun og komu ábendingar í viðtölum um að þörf væri á slíku rými.⁶ Fatahengi fyrir deildirnar eru í sameiginlegu rými og þaðan eru tveir útgangar út á útileiksvæði. Við útgang er forstofa, salerni

4 Skólanámskrá Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar: Skýjaborg 2017.

5 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

6 Rýnihópur deildarstjóra og viðtal við sérkennara.

fyrir börnin og þurrkaðstaða fyrir fatnað þeirra. Út frá fataklefa barnanna er gengið inn í vinnuaðstöðu leikskólastjóra og í lítið undirbúningsherbergi fyrir starfsmenn. Sér inngangur er fyrir starfsmenn. Við hann er fatahengi með læstu munahólfi fyrir hvern starfsmann, hreinlætisaðstaða og þvottaherbergi/geymsla. Frá gangi við starfsmannainngang er gengið inn í setustofu starfsmanna, eldhús og matvælagemymslu. Framleiðslueldhús er í leikskólanum og er maturinn eldaður á staðnum. Ekki er sérstök aðstaða á leikskólanum til að halda fundi eða taka viðtöl og hefur setustofa starfsmanna og skrifstofa leikskólastjóra verið nýtt til þess. Í einstaka tilvikum hefur leikskólinn nýtt sér aðstöðu í stjórnýsluhúsinu til viðtala. Foreldrar í rýnihópi nefndu sem tækifæri til umbóta að húsnæði leikskólans væri þröngt og brýnt væri að stækka hann.

Útileiksvæði

Útileiksvæði barnanna nær nánast hringinn í kringum leikskólann. Leiksvæðinu er skipt í þrjú afgirt svæði og er milligengt á milli þeirra í gegnum hlið. Þetta skipulag býður upp á þann möguleika að börnin séu ávallt að leika sér skjólmegin við húsið. Einnig gerir það kleift að skipta börnunum í útiveru, nýta hvert svæði með minni hópum og vera með yngstu börnin sér. Útileiksvæðið er rúmgott, vel skipulagt og búið góðum leiktækjum. Svæðið utan leikskólans býður upp á mikla möguleika til vettvangsferða og útináms.

Hugmyndafræði og áherslur

Gildi leik- og grunnskólans eru *virðing, vellíðan, samvinna og metnaður*. Í skólanámskrá er fjallað ítarlega um þessi einkunnarorð og fyrir hvað þau standa í starfi skólans. Í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans er gerð grein fyrir uppeldisfræðilegri stefnu leikskólans sem byggir á hugmyndafræði John Dewey um að börn læri af reynslu. Starfsaðferðir leikskólans byggja einnig á kenningum Howards Gardners um fjölgreindir og Caroline Pratt um opinn efnivið. Opinn efniviður er í forgrunni og lögð er áhersla á leikinn sem náms- og þroskaleið barnsins.

Leik- og grunnskólinn er einn af *Skólum á grænni grein (Grænfánaskóli)* og leggur áherslu á útinám og útiveru í starfi sínu.⁷ Unnið er samkvæmt hugmyndafræði byrjendalæsis um markvissa málörvun. Á eldri deild leikskólans er unnið með könnunaraðferðina, sem gengur út á að tekið er fyrir ákveðið viðfangsefni sem börnin rannsaka. Á yngri deild er könnunarleikurinn notaður þar sem börnin fá tækifæri til að rannsaka verðlaust efni.

Deildarstjórar og starfsmenn í rýnihópi þekktu stefnu og gildi leikskólans og töldu þau sýnileg í starfinu. Foreldrar í rýnihópi sögðust ekki þekkja stefnu leikskólans vel og finnst hún ekki sýnileg. Þau þekktu þó umhverfisstefnuna og áherslu leikskólans á útiveru en vissu til dæmis ekki að leikskólinn legði áherslu á opinn efnivið. Á vettvangi sáu matsmenn gildi leikskólans endurspeglast í starfi hans en þau mættu vera sýnilegri í umhverfinu.

Styrkleikar

- Hvalfjarðarsveit hefur sett reglur um styrki til nema í leikskólakennarafræðum og leikskólaliðanámi.
- Leikskólalóð er stór, skemmtilega hönnuð og býður upp á mikla möguleika.
- Stefna leikskólans kemur fram í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.
- Starfsmenn hafa sameinast um gildi fyrir leikskólann.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Leita leiða til að bæta aðstöðu til hreyfipjálfunar innandyra.

7 Skólanámskrá Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar: Skýjaborg 2017.

- Skoða ástæður starfsmannaveltu og hvernig hægt er að draga úr henni.
- Kynna stefnuna betur fyrir foreldrum og nýju starfsfólki og gera gildin sýnilegri í umhverfinu.
- Efla umræðu um hugmyndafræði leikskólans meðal starfsfólks og gera hana sýnilegri í starfi.

Stjórnun

Stjórnskipulag

Rekstraraðili Skýjaborgar er Hvalfjarðarsveit. Á vegum sveitarfélagsins starfar fræðslu- og skólanefnd sem skipuð er fimm fulltrúum sem eru kosnir af sveitarstjórn.⁸ Nefndin fer með faglegt og rekstarlegt eftirlit með starfsemi leikskólans. Leikskólastjóri situr nefndarfundi þegar fjallað er um málefni leikskólastigsins ásamt fulltrúa starfsmanna og foreldra leikskólans, sem hafa málfrelsi og tillögurétt. Að sögn leikskólastjóra fundar nefndin að jafnaði mánaðarlega yfir vetrarmánuðina. Í samtali við formann fræðslu- og skólanefndar kom fram að samstarf og samskipti við leikskólastjóra væru farsæl og gott aðgengi væri að honum, góður trúnaður og traust. Í viðtali tók leikskólastjóri undir að samstarfið væri gott og sagði að nefndin væri virk og viljug til samvinnu.

Skólastefna Hvalfjarðarsveitar 2016-2019 liggur fyrir. Kjörorð skólastefnunnar eru *samvinna, árangur og fagmennska*. Í stefnunni kemur fram að áhersla er á umhverfismennt, útikennslu og heilsuefingu, nám í gegnum leik, samvinnu leik- og grunnskóla og góð tengsl við foreldra og grenndarsamfélagið. Skólastefna Hvalfjarðarsveitar endurspeglar í hugmyndafræði og áherslum leikskólans. Hvalfjarðarsveit hefur sett sér eineltis-, jafnréttis- og mannauðsstefnu.

Við Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar starfa sérkennari, þroskaþjálfari, sálfræðingur, talmeinafræðingur og hjúkrunarfræðingur.⁹ Skólinn starfar náið með félagsþjónustu Hvalfjarðarsveitar auk þess sem hann hefur aðgang að ráðgjafarþroskaþjálfara og iðjuþjálfara í sérfræðiteymi Akraness.¹⁰ Að mati sérkennara er vel búið að skólaþjónustu við Leik- og grunnskólann og þjónustan er skjót og góð. Sálfræðingur kemur tvisvar í mánuði í skólann og talmeinafræðingur þrisvar í mánuði. Aðrir sérfræðingar koma eftir þörfum.

Skipurit fyrir sveitarfélagið og Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar liggja fyrir.

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá Skýjaborgar var unnin með aðkomu hagsmunaaðila árið 2015 og árlega er endurskoðaður einhver hluti hennar að sögn leikskólastjóra. Hún er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Skólanámskráin er ítarleg og uppfyllir að flestu leyti þau viðmið sem sett eru fram í aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 og lögum um leikskóla nr. 90/2008. Þó vantar að gera grein fyrir hvernig markmið leikskólans eru metin og skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Í skólanámskrá þarf að koma fram hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst á milli leikskóla eða í grunnskóla skv. reglugerð nr. 896/2009 um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla. Starfsáætlun 2017-2018 liggur fyrir og er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Þar er að finna þær upplýsingar sem aðalnámskrá leikskóla gerir ráð fyrir. Starfsáætlun er uppfærð árlega með þátttöku starfsfólks og lögð fyrir skólaráð til umsagnar. Til fyrirmyndar er að deildarnámskrá er sett fram árlega á báðum deildum leikskólans með markmiðum og leiðum fyrir deildarstarfið. Tækifæri liggja í að skilgreina hvernig markmið deildarnámskránnar eru metin.

Foreldrahandbók hefur verið gerð og er hún send í tölvupósti til foreldra áður en aðlögun barnsins þeirra hefst. Starfsmannahandbók er til og er hún uppfærð árlega. Öryggis- og rýmingaráætlun liggur fyrir og er mjög sýnileg í leikskólanum. Fjölmenningarstefna hefur verið sett fram og unnar áætlanir um jafnrétti og lífsleikni. Verklagsreglur um viðbrögð við slysum liggja ekki fyrir en slysaskráningar eru með skipulögðum hætti og markvisst unnið með þær. Áfallateymi hefur ekki verið myndað og áætlun um viðbrögð við áföllum er ekki til í leikskólanum. Ekki er til sérstök áætlun um upphaf leikskólagöngu barna önnur en sú að aðlögunin er skipulögð í samráði við foreldra og er einstaklingsmiðuð.

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnun leikskólans er í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 um viðurkennda starfshætti. Stjórnendur leik- og grunnskóla skipa skólastjórn sem fundar vikulega. Einu sinni í viku er fundur leikskólastjóra með deildarstjórum til að ræða skipulag starfsins.¹¹ Leikskólastjóri býr til dagskrá fyrir fundi og skráir fundargerð sem send er á alla starfsmenn og sett á innra net leikskólans. Skipulagsdagur eru sex

⁸ Erindisbréf fræðslu- og skólanefndar.

⁹ Heimasíða Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.

¹⁰ Viðtal við sérkennara.

¹¹ Viðtal við leikskólastjóra.

á ári og á skólaárinu 2017-2018 voru fimm heilir skipulagsdagar og tveir hálfir. Einn skipulagsdagur er að jafnaði sameiginlegur með grunnskóladeild. Á yfirstandandi skólaári var aukalega sameiginlegur fundur með grunnskóladeild til að vinna að samræmingu skólastiganna. Dagskrá skipulagsdaga er ákveðin fyrirfram, fundargerðir skráðar og sendar á starfsfólk. Deildarfundir eiga að vera á tveggja vikna fresti og í rýnihópi deildarstjóra kom fram að allt sé reynt til að láta þá ekki falla niður. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að deildarfundir hafi undanfarið ekki verið haldnir nógu reglulega. Fundargerðir deildarfunda eru skráðar og sendar á alla starfsmenn leikskólans.¹²

Vegna manneklu í vetur hefur verið misbrestur á því að leikskólakennarar hafi fengið undirbúningstíma samkvæmt kjarasamningi.¹³ Gert er ráð fyrir að leiðbeinendur sem stýra hópastarfi fái einn klukkutíma í undirbúning á viku og skipuleggja deildarstjórar hvenær sá undirbúningur fer fram. Manneklan hefur líka haft áhrif á að undirbúningur leiðbeinenda hefur fallið niður undanfarið.¹⁴

Allir starfsmenn fara í starfsþróunarsamtöl hjá leikskólastjóra einu sinni á ári. Niðurstöður eru skráðar og nýttar í innra mati. Í desember tóku deildarstjórar einnig viðtal við starfsmenn sinnar deildar.¹⁵ Að sögn leikskólastjóra hefur ekki verið unnin sérstök símenntunaráætlun fyrir leikskólann en áætlun um símenntun kemur að einhverju leyti fram í umbótaáætlun. Fjármagn til símenntunar er riflegt og kom fram í rýnihópum að leikskólastjóri er duglegur að senda á starfsmenn upplýsingar um námsframboð, hann hvetur til símenntunar og reynir að koma til móts við óskir starfsmanna.¹⁶ Skrá er haldin um símenntun starfsmanna.

Við ráðningu nýrra starfsmanna er fylgt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Starfsfólk undirritar ráðningarsamning þar sem fram kemur ákvæði um trúnað og þagnar-skyldu og aflað er upplýsinga úr sakavottorði áður en ráðning fer fram. Móttaka nýrra starfsmanna er ekki samræmd fyrir leikskólann í heild og ekki skráð.¹⁷ Í rýnihópi starfsmanna kom fram að móttaka nýrra starfsmanna hafi ekki gengið sem skyldi í vetur. Að sögn leikskólastjóra eru upplýsingar um starfsmenn geymdar í læstum skáp en misbrestur er á að allar persónuupplýsingar um börn séu varðveittar í læstum hirslum eða læstum skráum í tölvum.

Starfsmenn í rýnihópi létu í ljósi ánægju með vikuleg skólafréttabréf en sögðu að stundum skorti á nægilega skilvirka upplýsingagjöf til þeirra, einkum hvað varðaði einstök börn. Bent var meðal annars á í því samhengi að upplýsingar um ofnæmi barna þyrftu að vera sýnilegri og tryggja þyrftu að allt starfsfólk leikskólans og nýir starfsmenn væru upplýstir.

Fagleg forysta

Leikskólastjóri hefur starfað í um tvö ár á Skýjaborg. Hann sagðist í viðtali telja sig rólegan stjórnanda, með jafnaðargeð sem leitast við að koma eins fram við alla. Hann sagðist leggja áherslu á að bregðast skjótt við ef eitthvað kemur upp og nálgast mál með jákvæðu hugarfari. Starfsmenn í rýnihópi staðfestu að leikskólastjóri taki fljótt og vel á málum. Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi. Í rýnivíðtölum við starfsmenn og deildarstjóra kom fram almenn ánægja með leikskólastjóra og var nefnt að hann væri góður leiðtogi, sýnilegur í leikskólanum og aðgengi að honum væri gott. Foreldrar í rýnihópi sögðu einnig að leikskólastjóri væri sýnilegur og aðgengi að honum gott, auðvelt væri að hringja í hann og hann væri fljótur að svara erindum. Nefndu foreldrar einnig gott viðmót leikskólastjóra og að mikill munur væri á sýnileika og aðgengi stjórnanda eftir að ráðinn var sér stjórnandi yfir leikskólahlutann. Upplýsingaflæði frá leikskólastjóra er gott að mati foreldra en bentu þó á að í vetur hefði skort á að þeir væru upplýstir um nýja starfsmenn. Tóku foreldrar í rýnihópi fram að vegna smæðar samfélagsins væru þeir oft ragir við að koma fram með óskir og ábendingar til leikskólastjóra af ýmsum ástæðum og því er ljóst að ekki er fullt traust til staðar. Aðgengi barnanna að leikskólastjóra er gott, börnin í rýnihópi þekktu hann vel og gátu leitt matsaðila að skrifstofunni hans.

Leikskólastjóri skipuleggur og samhæfir störf starfsfólks að teknu tilliti til óska deildarstjóra og starfsmanna um á hvorri deildinni þeir vilja vinna og með hverjum.¹⁸ Hann hefur ekki fylgst reglulega með

12 Rýnihópur deildarstjóra.

13 Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

14 Rýnihópur starfsmanna.

15 Rýnihópur deildarstjóra og starfsmanna.

16 Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

17 Rýnihópur deildarstjóra.

18 Viðtal við leikskólastjóra.

starfi á deildum með það að markmiði að veita starfsfólki endurgjöf en sagðist fara reglulega inn á deildir til að vera sýnilegur og stundum til að leysa af. Einnig leitast hann við að hafa innlit inn á deildarfundum. Deildarstjórar sögðust fylgjast með starfi inni á sinni deild og gefa starfsmönnum endurgjöf. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að þeim finnst vanta meiri faglega leiðbeiningu um nám og uppeldi barna til að þeir geti unnið markvissar með börnunum, til dæmis í hópastarfi. Einnig bentu starfsmenn í rýnihópi á að þar sem deildarstjóri á eldri deild væri ekki í fullu starfi þá væri mikilvægt að einhver annar starfsmaður færi með deildarstjórn þann tíma sem deildarstjóri er ekki við.

Starfsandi og starfsánægja

Starfsandi í Skýjaborg og skólabragur er að sögn starfsmanna mjög góður.¹⁹ Gagnkvæm virðing milli starfsmanna, jákvæðni, stuðningur og traust var í rýnihópum og viðtölum nefnt sem einn af styrkleikum leikskólans. „Okkar mottó er að við tölum saman en ekki um hvert annað“ sagði leikskólalastjóri í viðtali. Miklar mannabreytingar í vetur hafa þó reynt á starfsmannahópinn. Til að viðhalda góðum starfsanda reyna starfsmenn að hittast reglulega utan vinnutíma og gera eitthvað skemmtileg saman.²⁰ Á starfsdögum leitast leikskólalastjóri við að hafa eitthvað jákvætt og uppbyggjandi til að efla starfsandann. Mikil áhersla er lögð á að öllum líði vel og í rýnihópum kom fram að líðan starfsmanna er góð og þeim finnst þeir vera metnir að verðleikum.²¹

Starfsmenn eru stoltir af leikskólastarfinu og hafa trú á gæðum þess.²² Vinnubrögð eru að sögn leikskólalastjóra lýðræðisleg, jafnræði ríkir og vel er tekið í hugmyndir allra. Faglegur metnaður er í starfsmannahópnum²³ sem samkvæmt leikskólalastjóra birtist meðal annars í því að starfsmenn fylgjast vel með þroska barnanna og bregðast skjótt við ef grunur vaknar um frávik, leiðbeinendum er treyst til að skipuleggja hópastarf og áhugasvið þeirra og styrkleikar eru virtir. Í tveimur rýnihópum var samvinna starfsfólks nefnd sem einn af styrkleikum leikskólans.²⁴

Styrkleikar

- Hugmyndafræði og áherslur Skýjaborgar endurspeglar skólastefnu Hvalfjarðarsveitar.
- Vel er búið að skólaþjónustu við Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.
- Gott samstarf er við fræðslu- og skólanefnd.
- Til fyrirmyndar er að deildarnámskrá er sett fram árlega á báðum deildum leikskólans með markmiðum og leiðum fyrir deildarstarfið.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir starfsmenn.
- Fjölmenningarstefna hefur verið sett fram og unnar áætlanir um jafnrétti og lífsleikni.
- Starfsþróunarsamtöl eru regluleg fyrir alla starfsmenn.
- Fjármagn til símenntunar er ríflegt og stjórnendur skapa svigrúm og hvetja til símenntunar.
- Vikulega er sent skólafréttabréf til starfsmanna.
- Leikskólalastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi og er sýnilegur í leikskólanum.
- Starfsandi og skólabragur er góður, traust og gagnkvæm virðing er á milli starfsfólks og því líður vel í vinnunni.
- Góð samvinna og lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf starfsmanna.

19 Rýnihópur starfsmanna og deildarstjóra og viðtal við sérkennara og leikskólalastjóra.

20 Viðtal við leikskólalastjóra.

21 Rýnihópur deildarstjóra, viðtal við leikskólalastjóra.

22 Rýnihópur starfsmanna og deildarstjóra.

23 Viðtal við leikskólalastjóra, rýnihópur deildarstjóra.

24 Rýnihópur deildarstjóra og starfsmanna.

Tækifæri til umbóta

- Gera í skólanámskrá grein fyrir hvernig markmið leikskólans eru metin og skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Tilgreina í skólanámskrá hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst á milli leik- og grunnskóla.
- Vinna áfallaáætlun og setja saman áfallateymi.
- Skrá verklagsreglur um hvernig bregðast eigi við slysum á börnum og hafa þær sýnilegar á deildum.
- Skrá með skýrari hætti hvernig staðið er að móttöku nýrra barna og foreldra.
- Skrá verklag um móttöku og upplýsingagjöf til nýrra starfsmanna.
- Gera símenntunaráætlun og birta í starfsáætlun.
- Gæta að því að undirbúningstímar falli ekki niður.
- Gæta þess að deildarfundir falli ekki niður.
- Sjá til þess að persónuupplýsingar séu varðveittar með öruggum hætti.
- Skýra ætti upplýsingaferli milli stjórnenda og starfsmanna, bæta upplýsingar um sérþarfir barna og gera þær sýnilegar.
- Vinna að því að efla traust foreldra til leikskólastjóra og starfsmanna.
- Æskilegt er að stjórnendur fylgist markvisst með námi og starfi á deildum í því skyni að veita endurgjöf og leiðbeina starfsmönnum um nám og uppeldi.
- Leita leiða til að leikskólastjóri hafi aðgang að ráðgjöf og stuðningi frá öðrum leikskólastjórum eða sérfræðingum í stjórnun.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir fjölbreyttum möguleikum barna til leikja og náms. Leikstofur á báðum deildum eru rúmgóðar og borðum haganlega fyrir komið þannig að börnin hafa gott rými til gólfleikja. Tvö minni herbergi eru á báðum deildum sem eru nýtt til frjálsra leikja og skipulagðrar vinnu með minni hópum. Námsumhverfi barna er nokkuð fjölbreytt og hvetjandi og styður við samskipti og samstarf barna. Frjálsum leik er gefið gott rými í dagskipulagi beggja deilda.

Áhersla er á frjálsan leik og opinn efnivið. Á vettvangi mátti sjá að leikefnið er að mestu opinn efniviður en einnig annars konar leikefni. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að reynt er að hafa eins mikið af opnum efniviði og hægt er en sýna sveigjanleika og fylgja stefnunni ekki stíft eftir. Leikefnið höfðar til barnanna og vekur áhuga þeirra og á eldri deild er mest af því aðgengilegt börnunum. Á yngri deild er efniviður síður aðgengilegur börnunum. Fjölbreytt úrval kubba er á báðum deildum og efniviður til hlutverkaleikja. Listastofa með aðstöðu til listsköpunar er á báðum deildum og auk þess er á eldri deild færanlegur vagn með litum, skærum, pappír o.fl. Einingakubbar eru á báðum deildum og holukubbar á eldri deild. Á yngri deild eru legókubbar aðgengilegir börnum, litríkir svampkubbar til grófhreyfinga eru í boði í frjálsum leik og unnið er með einingakubba í hópastarfi. Vinnuaðstaða starfsmanna og aðgengi að námsgögnum er nokkuð gott.

Dagskipulag er sýnilegt á báðum deildum og er það endurmetið reglulega í þeim tilgangi að mæta þörfum barnahópsins hverju sinni.²⁵ Myndrænt dagskipulag er einnig á deildum. Á yngri deild er lögð áhersla á frjálsan leik, hópastarf og útveru fyrir hádegi en rólega leiki eftir hvíld, lestur og útveru síðdegis. Hver hópur er í hópastarfi einu sinni í viku og þar er m.a. unnið með leik, lestur, tónlist og sköpun.²⁶ Einnig er könnunarleikurinn í hópastarfi en hugmyndfræðinni er ekki að öllu leyti fylgt eftir að sögn deildarstjóra. Á eldri deild er lögð áhersla á frjálsan leik og útveru fyrir hádegi og hópastarf að loknum hádegismat þar sem unnið er með ýmsa þekkingar- og færniþætti. Eftir hópastarf er útvera, nónhressing og sögustund. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að þeim finnst hópatíminn á eldri deild vera aðþrengdur og lítill tími til að vinna að verkefnum með börnunum sökum þess að hópastarfinu þarf að ljúka áður en starfsmenn taka kaffitíma og börnin fara út.

Umhverfi leikskólans býður upp á fjölbreytta möguleika. Leikskólalóðin er sléttlend og víðfeðm og gott rými er til hreyfileikja. Leiktæki eru nýleg, nokkuð fjölbreytt og tækifæri er til að æfa grófhreyfingar í tækjunum og á stórum steinum sem eru á opnu svæði á lóðinni. Á vettvangi mátti sjá að börnin nutu útiverunnar og starfsmenn dreifðu sér um leiksvæðið, höfðu yfirsýn og gættu öryggis barnanna.

Starfshættir

Deildarstjórar bera ábyrgð og skipuleggja uppeldis- og menntastarfið á deildum. Þeir funda reglulega og fara yfir deildarnámskrár deilda²⁷. Áherslur í uppeldisstarfi og starfsháttum eru svipaðar á báðum deildum og mátti sjá á veggjum deilda áherslur, markmið og leiðir í tengslum við grunnþætti menntunar og námssvið leikskóla. Einnig mátti sjá að lögð er áhersla á að samræma einstaka þætti í daglegu starfi, s.s. uppeldislegar áherslur og verklag.

Á meðan á vettvangsheimsókn stóð voru viðfangsefni barna á eldri deild nokkuð fjölbreytt, s.s., kubb- ar, litir, spil, perlur, bækur og stutt samverustund fyrir útveru. Auk þess sem unnið var með ritmál og jóga í hópastarfi. Á yngri deild var viðfangsefni dagsins frjáls leikur, hlutverkaleikur og samverustund þar sem „leikbrúða átti samtöl“ við börnin auk söngs. Í hvíldartíma var deildarstjóri með nokkur börn sem ekki sváfu í málþroskaverkefni. Matsmenn sáu gildin endurspeglast að mestu í starfi á báðum deildum. Samskipti starfsmanna við börnin voru jákvæð og hvetjandi og virðing var borin fyrir þeim. Á eldri deild tóku starfsmenn þátt í leik barnanna, sátu við borðin og áttu uppbyggileg samtöl við þau. Á yngri deild mátti sjá starfsmenn sitja í hæð barna og eiga samskipti við þau í frjálsum leik.

Áherslur Grænfánans eru vel merkjanlegar í leikskólanum. Sem dæmi var *Dagur umhverfisins* á meðan á vettvangsathugun matsmanna stóð og í útveru fóru starfsmenn með eldri börnin út fyrir leikskóla-

²⁵ Viðtal við leikskólastjóra.

²⁶ Deildarnámskrá Drogans.

²⁷ Viðtal við leikskólastjóra.

lóðina að tína rusl en starfsmenn yngri deildar gengu með börnunum um leikskólalóðina, hvöttu þau til að tína rusl og voru þeim fyrirmyndir.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í skólanámskrá segir að lagður sé grunnur að því barnið verði sjálfstæður, virkur og ábyrgur þátttakandi í lýðræðislegu þjóðfélagi en ekki er greint nánar frá leiðum.²⁸ Í viðtölum og rýnihópum kom fram að ekki er unnið markvisst að lýðræðislegri þátttöku barna við ákvarðanatöku.²⁹ Í sameiginlegum hluta skólanámskrár er fjallað um lýðræði í tengslum við grunnþætti menntunar en það byggir á grunnskólastiginu. Ekki er sértaklega gerð grein fyrir lýðræðislegri þátttöku barna í Skýjaborg.³⁰ Í deildarnámskrám kemur fram að börnin læri að hjálpa sér sjálf í daglegum athöfnum.

Í frjálsum leik hafa börnin möguleika á að velja viðfangsefni og leikfélaga að sögn starfsmanna. Lögð er áhersla á rólega leiki í upphafi dags og þá eru það oft starfsmenn sem velja hvaða viðfangsefni eru í boði, á öðrum tímum sögðu þeir að börnin fengju að velja viðfangsefni. Börnin á eldri deild hafa meira val um að velja sér sjálf viðfangsefni og í rýnihópi elstu barnanna kom fram að þau mega velja sér viðfangsefni og leikfélaga og mega skipta um leiksvæði þegar þau vilja. Á yngri deild eru það starfsmenn sem leggja fram viðfangsefni í frjálsa leiknum sem börnin geta síðan valið úr og þau fara frjálst á milli leiksvæða.

Í hópastarfi hafa börnin stöku sinnum val um hvað er gert og þegar unnið er með könnunaraðferðina kemur fyrir að börnin velja hvaða þema er tekið fyrir. Börnin hafa að vissu marki val um hvað er sungið í samverustund með því að draga miða með heiti laganna. Eldri börnin hafa val um hvernig þau klæða sig fyrir útveru, þau eru þátttakendur í undirbúningi máltíða og fá einu sinni í mánuði að velja hvað er í matinn. Elstu börnin sitja í umhverfisnefnd í grænfánaverkefninu og funda reglulega með leikskólastjóra og hópstjóra. Einu sinni á ári fundar umhverfisnefnd Skýjaborgar með umhverfisnefnd Heiðarskóla.³¹ Yngri börnin eru ekki þjónar og taka ekki þátt í að undirbúa máltíðir eða að ganga frá diskunum sínum.³²

Nokkrar reglur eru í leikskólanum, inni- og útireglur. Börnin þekkja þær ágætlega og gátu nefnt nokkrar en sögðust ekki hafa tekið þátt í að búa þær til. Í glugga sem snýr út á leikskólalóðina eru reglurnar sýnilegar. Börnunum finnst leikföngin skemmtileg og nefna kubba og hjól sem dæmi. Þegar þau voru spurð hvort þau vildu breyta einhverju í leikskólanum sögðust þau vilja hafa hann „eins og þessi“, þ.e. eins og Skýjaborg.

Námssvið

Námssvið leikskóla eru samþætt daglegu starfi eins og sjá mátti á dagsskipulagi og á vettvangi. Á heimasíðu kemur fram að unnið er samkvæmt hugmyndafræði Byrjendalæsis/leikskólalæsis í markvissri málörvun. Á vettvangi mátti sjá námsgögn sem tengjast byrjendalæsi og málörvun. Á eldri deild er ritmál, stafróf, bókstafir, tölustafir, form og ljósmyndir með texta á veggjum. Fjölbreytt úrval bóka er aðgengilegt í hæð barnanna og einnig ýmsar reglur með myndum og ritmáli. Með elstu börnunum er unnið í hópastarfi með ritmál og stafainnlögn, m.a. í gegnum kennslufnið *Lubbi finnur málbein*. Börnin eru hvött til að segja frá í samverustundum og í hópastarfi.³³ Á yngri deild mátti sjá tölustafi í leikstofu og ritmál en yfirleitt ekki í hæð barnanna. Bókstafir voru ekki sýnilegir í leikstofu. Á gólfi í leikstofu er mynd og nafn hvers barns plastað og þau sitja í hring, hvert við sitt nafn/sína mynd í samverustund. Hvert barn á einnig bakka með nafninu sínu á og voru þeir í hæð barnanna. Bækur eru í kassa en ekki í hæð barnanna og myndrænar innireglur eru sýnilegar í innri stofu en ekki í hæð barnanna.

Unnið er markvisst með heilbrigði og vellíðan sem birtist meðal annars í útiveru og gönguferðum. Í skólanámskrá Skýjaborgar er fjallað um lífsleikni, heilbrigði og vellíðan og lögð er áhersla á hreyfingu, jákvæða sjálfsmynd og að daglegar athafnir stuðli að líkamlegri og andlegri líðan barna og góðri heilsu. Starfsmenn hafa verið að þróa jóga með börnunum og sáu matsmenn dæmi um jógastund þegar þeir voru í vettvangsheimsókn. Í útiveru er reynt að fara reglulega í vettvangsferðir um nánasta umhverfi leikskólans og á leikskólalóðinni er farið í skipulagða leiki.³⁴ Í vetur hefur minna verið um vett-

28 Skólanámskrá leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar: Skýjaborg 2017.

29 Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

30 Heimasíða og skólanámskrá leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.

31 Rýnihópur deildarstjóra.

32 Rýnihópur deildarstjóra.

33 Rýnihópur deildarstjóra.

34 Rýnihópur deildarstjóra.

vangsferðir en oft áður vegna veikinda starfsmanna og starfsmannabreytinga og kom fram í rýnihópi foreldra að þeir vildu að börnin færu meira út fyrir leikskólalóðina. Fram kom í rýnihópum að fæði barnanna sé hollt en mætti vera fjölbreyttara, frambærilegra og það vanti að krydda matinn meira.

Leikskólinn flaggar *Grænfánanum*, umhverfissáttmáli er sýnilegur í fataklefa og má sjá áherslur umhverfisnáms í starfi leikskólans. Í grænfánaskýrslu Skýjaborgar er lögð áhersla á útinám og útiveru og að unnið sé markvisst að þekkingu á umhverfi og náttúru í nánasta umhverfi. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að inni á deildum er fylgst með hvað fer í grænu tunnuna. Taupokar eru notaðir í stað plastpoka og börnin sá fræum fyrir sumarblóm sem gróðursett eru á leikskólalóðinni og einnig heima.³⁵ Á vettvangi mátti sjá dæmi um áhrif umhverfismenntunar, ábendingar og reglur um umgengi og sparnað á efniviði.

Aðstaða til skapandi starfs er á báðum deildum. Á eldri deild hafa börnin að hluta til aðgang að efniviði til myndsköpunar en á yngri deild er aðgengi barna takmarkað nema með aðstoð starfsmanna. Endurnýtanlegur efniviður sem til fellur er nýttur af börnunum í samræmi við umhverfisstefnu leikskólans. Verk eftir börnin prýða veggj deilda og eru nýleg. Sjá mátti að unnið er með vísindi að hluta til á báðum deildum sem felst helst í aðgengi að fjölbreyttu úrvali kubba, s.s. legó, eininga- og holukubbum. Leik efni sem ýtir undir stærðfræði, vísindaleiki og rannsóknir var ekki áberandi. Leikskólastjóri sagðist hafa áhuga á að skoða hvort börnunum fari fram í stærðfræði á sambærilegan hátt og gert er með mati á málþroska.

Velferð og líðan barna

Andrúmsloft á deildum er afslappað og einkennist af jákvæðni, glaðværd og virðingu fyrir öllum börnunum. Í sameigilegum hluta skólanámskrár koma fram áherslur og leiðir í lífsleikni og er m.a. vísað í gildin fjögur því til stuðnings. Á vettvangi mátti sjá flest gildin endurspeglast í ýmsum þáttum daglegs starfs. Vellíðan barna er studd með jákvæðum samskiptum, umhyggju og félagslegum tengslum. Starfsmenn eru nálægt börnum í leik og þeir sýna börnunum áhuga og umhyggju. Matsmenn sáu glöð og áhugasöm börn sem áttu góð samskipti í leik og ekki bar á árekstrum í barnahópnum. Í rýnihópi sögðu börnin að þeim þætti gaman í leikskólanum og þeim liði vel. Þau sögðu einnig að kennararnir væru góðir, þeir lékju við þau, hlustuðu á þau, hrósuðu þeim og væru ekki leiðinlegir – allir fengju að ráða.³⁶

Foreldrar í rýnihópi sögðu að börnunum þeirra liði vel í leikskólanum, þau væru örugg og glöð. Þau nefndu þó að huga þyrfti að betri samræmingu um hvernig tekið væri á móti börnunum í upphafi dags og þau kvödd í lok dags. Nefndu þeir að stundum væri erfitt að koma skilaboðum um barnið á framfæri á morgnana þar sem þeir væru ekki vissir um að starfsmaður sem tekur á móti börnunum skilji þá. Þá sögðu þeir einnig að það væri vont að hafa reynslulítið fólk að skila börnunum í lok dags og nefndu einkum skort á upplýsingagjöf um barnið í því samhengi. Í viðhorfskönnun sveitarfélagsins Hvalfjarðarsveitar sem gerð var í apríl 2018 voru flestir foreldrar jákvæðir í svörum sínum þegar spurt var um þætti eins og líðan barnanna, hvernig tekið er á móti þeim í upphafi dags og hvernig þau eru kvödd í lok dags.

Mat á námi og velferð barna

Fjölbreyttar leiðir eru farnar við að meta nám og velferð barna. Skimunarprófið Hljóm-2, sem kannar hljóð- og málvitund, er lagt fyrir elstu börnin ár hvert. Tras málþroskaprófið er lagt fyrir alla árganga. Frekari próf eru lögð fyrir ef grunur vaknar um frávík og má þar nefna: Málþroskaprófin Told og Orðaskil, Íslenska þroskalistann og Mod hreyfiþroskapróf. SOL málþroskabókin er notuð á yngri deild og einnig Málskjóðan. Auk þessa er félags- og hreyfiþroski og staða sjálfshjálpar hjá börnunum metin árlega í tengslum við foreldraviðtöl. Einnig er fylltur út gátlisti um þekkingu barnanna sem nær til lita, talnagilda, afstöðuhugtaka, forma og líkamshluta.³⁷

Eldri börnin taka þátt í að meta líðan sína í leikskólanum og hefur það verið gert á tvennskona hátt, með brosköllum og í samtali við hvert barn sem deildarstjórar sjá um.³⁸ Börnin eiga hvert sína feril-

35 Viðtal við leikskólastjóra.

36 Rýnihópur barna.

37 Viðtal við sérkennara.

38 Viðtal við leikskólastjóra og starfsáætlun Skýjaborgar 2016-2017.

möppu en hún er ekki notuð í þeim tilgangi að fylgjast með framgangi barnanna.³⁹ Leikskólastjóri segist hafa áhuga á að styrkja betur þennan þátt og koma á markvissum skráningum fyrir öll börn.

Styrkleikar

- Möguleikar húsnæðis til leikja og náms eru vel nýttir.
- Svæðið utan leikskólalóðar býður upp á fjölbreytta möguleika til útináms.
- Frjálsum leik er gefið gott rými í samræmi við áherslur leikskólans.
- Starfsmenn sýna börnunum virðingu og viðmót þeirra er jákvætt og hvetjandi.
- Börnunum finnst gaman í leikskólanum og þeim líður vel.
- Ritmál í hæð barna er sýnilegt á veggjum eldri deildar.
- Unnið er markvisst að málörvun.
- Unnið er með sjálfbærni og tekur leikskólinn þátt í verkefnum Skólar á grænni grein.
- Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barnanna.
- Börnin taka þátt í að meta líðan sína í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða dagskipulag á eldri deild með hliðsjón af því að gefa hópastarfi rýmri tíma.
- Vinna að því að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum er varða skipulag, viðfangs-efni og verkefnaval.
- Auka aðgengi barna á yngri deild að bókum og gera ritmál sýnilegra og í hæð barnanna.
- Leggja áherslu á markvisst útinám samkvæmt áherslum leikskólans.
- Auka búnað og tæki til vísindastarfa og gera vísindum og stærðfræði hærra undir höfði í starfi leikskólans.
- Móta samræmdar áherslur um hvernig tekið er á móti börnum að morgni og þau kvödd í lok dags.
- Auka mætti skráningar í ferilmöppum barnanna.

39 Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur deildarstjóra.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Skólaráð og foreldrafélag er starfandi og er sameiginlegt fyrir leik- og grunnskólann. Á heimasíðu leik- og grunnskóla Hvalfjarðarveitar er hlekkur merktur foreldrum. Þar má finna gagnlegar upplýsingar, m.a. um fulltrúa í skólaráði og foreldrafélagi, lög foreldrafélagsins, starfsáætlun skólaráðs, verkefni og fundargerðir. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins á aðalfundi félagsins og fulltrúar úr stjórn þess eru síðan „handvaldir“ til að taka sæti í skólaráði.⁴⁰ Fundir í skólaráði eru reglulegir, dagskrá er ákveðin fyrir fund og skólastjóri grunnskólans boðar fundina í samráði við leikskólastjóra.⁴¹ Fundargerðir skólaráðs eru ritaðar og aðgengilegar á heimasíðu.

Samstarf við stjórn foreldrafélagsins er gott að sögn leikskólastjóra og styður félagið vel við leikskóla-starfið. Foreldrafélagið stendur fyrir leiksýningu og fjármagnar jólasvein á jólaball. Það sér um árlega vorhátíð og spilakvöld hefur verið haldið fyrir foreldra og börn. Þau hafa boðið upp á fyrirlestra fyrir foreldra og gáfu leikskólanum gjöf á tuttugu ára afmælisári hans.⁴² Í rýnihópi foreldra kom fram að þeim finnst vanta meiri tengingu foreldrafélagsins við leikskólann og betra upplýsingaflæði á milli og bentu á að það mætti bæta með því að tengiliður leikskólans við foreldrafélagið sæti fundi hjá stjórn þess.

Foreldrahandbók er afhent foreldrum þegar þeir byrja með barn sitt í leikskólanum. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og þar fá foreldrar upplýsingar um stöðu barnsins.⁴³ Foreldrar í rýnihópi sögðust ekki taka þátt í að meta stöðu og framfarir barna sinna en sögðu að leikskólinn sæi um að meta börnin og niðurstöðum væri miðlað til þeirra í foreldraviðtölum. Þeir voru ánægðir með foreldraviðtölin og sögðust fá mikið af upplýsingum um barnið sitt í þeim. Foreldrarnir sögðust ekki vera sérstaklega virkir þátttakendur í leikskólastarfinu en nefndu að stundum væru opnir dagar þar sem þeir mættu koma og fylgjast með.

Upplýsingagjöf til foreldra á sér mest stað með tölvupósti að sögn leikskólastjóra. Að mati foreldra í rýnihópi er leikskólastjóri duglegur að senda tölvupóst með upplýsingum en fram kom að þeir vildu gjarnan fá reglulega og tíðari pósta frá deildarstjórum líka þar sem foreldrar væru upplýstir um það sem hefur verið gert og um starfið framundan – til að geta rætt um það við börnin sín heima. Foreldrar bentu á að auka mætti daglega upplýsingagjöf um börnin þegar þau eru sótt. Deildarstjórar nefndu að þeir leituðust við að gera mánaðarlega samantekt á starfi deildanna og senda með tölvupósti á foreldra eða setja inn á lokaða fésbókarsíðu deildarinnar, en það gengi ekki alltaf eftir. Þá sögðust þeir setja vikulega myndir af starfi barnanna inn á síðuna. Foreldrar í rýnihópi voru mjög ánægðir með fésbókarsíðuna, sögðust nota hana mikið og að hún gæfi góðar upplýsingar. Þeir sögðust aftur á móti ekki fara mikið inn á heimasíðu leikskólans. Upplýsingatöflu í fataklefa sögðu foreldrar fyrst og fremst vera notaða til áminningar, ekki til upplýsingagjafar. Í viðhorfskönnun Hvalfjarðarsveitar frá apríl 2018 kom fram að flestir foreldra eru sáttir við fyrirkomulag foreldraviðtala, heldur færri foreldrum finnst þeir fá nægar upplýsingar um líðan og framfarir barna sinna og flestir vilja meiri upplýsingar um leikskólastarfið.⁴⁴

Viðhorf foreldra

Þegar spurt var um viðmót starfsfólks í framangreindri viðhorfskönnun kom í ljós að flestum foreldrum finnst viðmót starfsfólks frekar eða mjög gott. Ábending kom hins vegar fram í rýnihópi foreldra um þennan þátt. Þar kom fram að foreldrar upplifa sig ekki alltaf velkomna í leikskólann og nefndu í því samhengi að ekki sé vel séð að foreldrar setjist inn á kaffistofu starfsmanna eða noti inngang sem ætlaður er starfsmönnum. Nefndu þau að þar sem starfsmenn fara með börnin sín í gegnum starfsmannainngang þá finnst hinum börnunum það eftirsóknarvert líka. Bentu þau á í þessu samhengi að gæta þurfi að jafnræði á milli barnanna.

40 Rýnihópur foreldra og viðtal við leikskólastjóra.

41 Viðtal við leikskólastjóra.

42 Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópur foreldra.

43 Viðtal við sérkennara, rýnihópur deildarstjóra og rýnihópur foreldra.

44 Viðhorfskönnun hjá foreldrum barna í Heiðarskóla og Skýjaborg Hvalfjarðarsveit apríl 2018: Skýjaborg.

Foreldrar í rýnihópi nefndu að allur gangur væri á hvort þeir væru upplýstir um þegar nýtt starfsfólk hæfi störf, nýir starfsmenn væru oft ekki kynntir sérstaklega fyrir þeim og upplýsingar um nýja starfsmenn væru ekki sendar fyrr en eftir að þeir væru byrjaðir. Bentu þeir á að það þyrfti að kynna nýja starfsmenn af báðum deildum fyrir öllum foreldrum þar sem deildirnar vinna mikið saman og börnin fara á milli deilda, t.d. seinni hluta dags. Þá kom fram mikil óánægja meðal foreldra í rýnihópi með að mikið hafi verið horft á bíómyndir í vetur.

Samstarf við grunnskóla

Gagnkvæmt samstarf er milli leik- og grunnskóladeildarinnar að sögn leikskólastjóra. Elsti árgangur leikskóladeildar hittir 1. bekk, sjö til átta sinnum á hvorri önn. Skólarúta kemur og sækir börnin og þau fara annað hvort í vettvangsferð með 1. bekk eða fara í heimsókn í skólann. Þau kynnast leikstofu á yngsta stigi, bókasafninu og fara í íþróttir fyrir áramót og sund eftir áramót. Einnig er þeim boðið í kennslustund/verkefnavinnu. Nemendur í 1. bekk koma einu sinni á önn í leikskólann. Skilafundur þar sem niðurstöðum úr Hljóm-2 skimuninni er miðlað til grunnskólans er haldinn að vori og sérkennari fylgir upplýsingum eftir. Áætlun um samstarf skólstíganna er ekki að finna í gögnum leikskólans og því ekki aðgengileg foreldrum.

Annað samstarf

Samkvæmt upplýsingum leikskólastjóra er leikskólinn ekki í formlegu samstarfi við aðrar stofnanir.⁴⁵

Styrkleikar

- Skólaráð og foreldrafélag er starfandi og á heimasíðu er að finna upplýsingar um hvorutveggja.
- Skólaráð fundar reglulega, hefur gert starfsáætlun og vinnureglur og fundargerðir eru aðgengilegar á heimasíðu.
- Foreldrar fá afhenta handbók með greinagóðum upplýsingum í upphafi leikskólagöngu.
- Foreldrar eru ánægðir með upplýsingar um stöðu barna sinna í foreldrasamtölum.
- Vel er staðið að samstarfi við grunnskóladeild um aðlögun barna á milli skólastiga.

Tækifæri til umbóta

- Leita leiða til að velja fulltrúa í foreldraráð með lýðræðislegum hætti.
- Bæta tengingu og upplýsingamiðlun á milli leikskólans og stjórnar foreldrafélgsins.
- Koma á og samræma verklag um upplýsingagjöf til foreldra um innra starf leikskólans.
- Auka samtal og upplýsingagjöf til foreldra í lok dags.
- Huga að aukinni þátttöku foreldra í námi og framförum barnanna.
- Starfsmenn samræmi áherslur um samskipti og viðmót við foreldra.
- Kynna fyrir foreldrum og gera sýnilega áætlun um samstarf skólastiga.

45 Viðtal við leikskólastjóra.

Skóli án aðgreiningar

Skólaþjónusta og sérkennsla

Við Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar starfar sérkennari sem kemur einn dag í viku í leikskólann og oftast ef þörf er á. Sérkennarinn er þroskaþjálfari með kennslu- og sérkennsluréttindi. Talmeinafræðingur starfar einnig við leikskólann og kemur að jafnaði á þriggja vikna fresti í leikskólann. Starf sérkennara og talmeinafræðings felst í athugunum og frumgreiningum og talkennarinn sér auk þess um málörvun og ráðgjöf. Sálfræðingur kemur tvisvar í mánuði í leik- og grunnskólann og veitir starfsfólki og foreldrum ráðgjöf. Í Skýjaborg hefur í vetur mest verið unnið með börn með málþroskavanda, sérstaklega þau börn sem byrja í grunnskóla í haust.

Í vetur er ekkert barn í Skýjaborg sem nýtur sérkennslu. Mat á stöðu barna og snemmtæk íhlutun er í hávegum höfð í leikskólanum og strax brugðist við ef grunur vaknar um frávík. Þá er farið eftir ferli sem allir þekkja en það er ekki til skráð. Þegar barn fær formlega greiningu er myndað teymi um það sem í sitja deildarstjóri, leikskólastjóri, sérkennari, ráðgjafi og foreldrar. Sérkennari heldur utan um og boðar teymisfundir. Einstaklingsnámskrá vegna barna með stuðning er gerð og hún endurmetin reglulega. Lögð er áhersla á að sérkennsla og stuðningur fari sem mest fram inni í barnahópnum en einnig er unnið einstaklingslega ef þarf.⁴⁶

Börn með annað móðurmál en íslensku

Í vetur eru einungis tvo börn með annað móðurmál en íslensku í Skýjaborg. Þau fá bæði vikulega tíma í málörvun. Túlkur er kallaður til í foreldrasamtölum og á skilafundum vegna talþjálfunar þegar foreldrar tala ekki íslensku.⁴⁷ Að sögn deildarstjóra er ekki unnið markvisst með heimameningu barna. Börnin mega koma með bækur að heiman og einstöku sinnum er dótadagur og þá koma börnin með leikföng að heiman.

Styrkleikar

- Sérkennari, talmeinafræðingur og sálfræðingur starfa við leik- og grunnskólann.
- Lögð er áhersla á að bregðast strax við ef grunur vaknar um frávík hjá barni.
- Vel er unnið að málörvun barna með slaka málvitund.
- Lögð er áhersla á að stuðningur við börn fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem njóta sérkennslu og skipað teymi í kring um þau.
- Boðið er upp á túlkaþjónustu í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku.

Tækifæri til umbóta

- Útbúa skriflega stefnu í stuðnings- og sérkennslumálum og verkferla um framkvæmd hennar.

⁴⁶ Viðtal við sérkennara.

⁴⁷ Viðtal við leikskólastjóra.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer í innra mati og þar kemur fram að meðal annars er notast við sjálfsmatskerfið *Barnið í brennidepli* og farið er yfir alla þætti þess á þremur til fimm árum. Langtímaáætlun fyrir innra mat, þar sem fram kemur hvenær þættirnir eru metnir, liggur ekki fyrir. Í starfsáætlun Skýjaborgar er sett fram áætlun um innra mat á skólaárinu. Mat á starfsháttum fer fram reglulega. Ekki er fjallað um mat á markmiðum leikskólans í skólanámskrá eða sérstök viðmið tilgreind.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Skipulag innra mats og ákvarðanir um áherslur og forgangsröðun er fyrst og fremst hlutverk leikskólastjóra en framkvæmd matsins er samstarfsverkefni þeirra sem starfa í leikskólanum. Við öflun gagna er stuðst við ýmiss konar gögn og leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli. Starfsfólk metur leikskólastarfið í gegnum kannanir, á starfsdögum og deildarfundum, niðurstöður starfsmanna- og foreldrasamtala eru nýttar í innra mat og einnig niðurstöður úr grænfánaverkefninu. Börnin taka þátt í að meta starfið með svokölluðu broskallamati eða öðrum hætti. Annað hvert ár leggur fræðslu- og skólanefnd Hvalfjarðarsveitar fyrir starfsmanna- og foreldrakönnun og eru niðurstöður þeirra rýndar og tækifæri til umbóta eru sett í árlega umbótaáætlun leikskólans.

Opinber birting og umbætur

Leikskólastjóri ber ábyrgð á úrvinnslu gagna og tekur ákvörðun um umbætur í samráði við starfsfólk. Greinargerð um innra mat birtist í starfsáætlun og þar koma fram helstu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður matsins. Í greinargerðinni er fjallað um helstu niðurstöður og úrbótaþættir dregnir fram. Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf og áætlun um umbætur er sett fram í starfsáætlun. Áætlunin er ekki tímasett en tilgreindir eru þeir aðilar sem bera eiga ábyrgð á aðgerðum. Ekki kemur fram hvenær og hvernig eigi að meta árangur aðgerða. Áætlunin er borin undir foreldraráð. Samræmi er á milli þeirra umbótaþátta sem tilgreindir eru í greinargerð um innra mat og umbótaáætlunar en styrkleikar eru ekki dregnir saman. Bæði starfsfólk og foreldrar nefndu dæmi um umbætur sem innra mat leikskólans hefur leitt til.

Styrkleikar

- Í skólanámskrá og starfsáætlun er fjallað um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta sitt innra starf.
- Áætlun um innra mat á skólaárinu liggur fyrir.
- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við gagnaöflun.
- Allir starfsmenn eru virkjaðir til þátttöku í innra mati og í umræðum um þróun og umbætur.
- Börnin eru þátttakendur í innra mati.
- Greinargerð um innra mat er hluti af starfsáætlun leikskólans, hún er birt á heimasíðu og borin undir foreldraráð til umsagnar.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf og umbótaáætlun sett fram í starfsáætlun.

Tækifæri til umbóta

- Gera matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar hvenær helstu þættir starfsins eru metnir.

- Meta markmið skólanámskrár markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Huga að stofnun matsteymis með fulltrúum stjórnenda, starfsfólks og foreldra þannig að allir hópar geti komið að því að ákveða áherslur og forgangs röðun í innra mati.
- Skoða hvernig foreldrar geta komið markvissar að mati á leikskólastarfinu.
- Draga saman helstu styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir matið í heild sinni í greinargerð um innra mat.
- Æskilegt væri að skilgreina umbætur með markvissari hætti, tímasetja þær og tilgreina hvernig eigi að meta árangur aðgerða.

Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = **Grænt** – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = **Ljósgrænt** – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = **Gult** – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = **Rautt** – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi leikskólans Skýjaborg í Hvalfjarðarsveit: Leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar, innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Hvalfjarðarsveit hefur sett reglur um styrki til nema í leikskólakennarafræðum og leikskólalíðanámi.
- Leikskólalóð er stór, skemmtilega hönnuð og býður upp á mikla möguleika.
- Stefna leikskólans kemur fram í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.
- Starfsmenn hafa sameinast um gildi fyrir leikskólann.
- Hugmyndafræði og áherslur Skýjaborgar endurspeglar skólastefnu Hvalfjarðarsveitar.
- Vel er búið að skólaþjónustu við Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.
- Gott samstarf er við fræðslu- og skólanefnd.
- Til fyrirmyndar er að deildarnámskrá er sett fram árlega á báðum deildum leikskólans með markmiðum og leiðum fyrir deildarstarfið.
- Gerð hefur verið leiðbeinandi handbók fyrir starfsmenn.
- Fjölmeningarstefna hefur verið sett fram og unnar áætlanir um jafnrétti og lífsleikni.
- Starfsþróunarsamtöl eru regluleg fyrir alla starfsmenn.
- Fjármagn til símenntunar er ríflegt og stjórnendur skapa svigrúm og hvetja til símenntunar.
- Vikulega er sent skólafréttabréf til starfsmanna.
- Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi og er sýnilegur í leikskólanum.
- Starfsandi og skólabragur er góður, traust og gagnkvæm virðing er á milli starfsfólks og því líður vel í vinnunni.
- Góð samvinna og lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf starfsmanna.
- Möguleikar húsnæðis til leikja og náms eru vel nýttir.
- Svæðið utan leikskólalóðar býður upp á fjölbreytta möguleika til útináms.
- Frjálsum leik er gefið gott rými í samræmi við áherslur leikskólans.
- Starfsmenn sýna börnunum virðingu og viðmót þeirra er jákvætt og hvetjandi.
- Börnunum finnst gaman í leikskólanum og þeim líður vel.
- Ritmál í hæð barna er sýnilegt á veggjum eldri deildar.
- Unnið er markvisst að málörvun.
- Unnið er með sjálfbærni og tekur leikskólinn þátt í verkefnum Skólar á grænni grein.
- Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barnanna.
- Börnin taka þátt í að meta líðan sína í leikskólanum.

- Skólaráð og foreldrafélag er starfandi og á heimasíðu er að finna upplýsingar um hvorutveggja.
- Skólaráð fundar reglulega, hefur gert starfsáætlun og vinnureglur og fundargerðir eru aðgengi- legar á heimasíðu.
- Foreldrar fá afhenta handbók með greinagóðum upplýsingum í upphafi leikskólagöngu.
- Foreldrar eru ánæðir með upplýsingar um stöðu barna sinna í foreldrasamtölum.
- Vel er staðið að samstarfi við grunnskóladeild um aðlögun barna á milli skólastiga.
- Sérkennari, talmeinafræðingur og sálfræðingur starfa við leik- og grunnskólann.
- Lögð er áhersla á að bregðast strax við ef grunur vaknar um frávik hjá barni.
- Vel er unnið að málörvun barna með slaka málvitund.
- Lögð er áhersla á að stuðningur við börn fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn sem njóta sérkennslu og skipað teymi í kring um þau.
- Boðið er upp á túlkabjónustu í samskiptum við foreldra með annað móðurmál en íslensku.
- Í skólanámskrá og starfsáætlun er fjallað um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta sitt innra starf.
- Áætlun um innra mat á skólaárinu liggur fyrir.
- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við gagnaöflun.
- Allir starfsmenn eru virkjaðir til þátttöku í innra mati og í umræðum um þróun og umbætur.
- Börnin eru þátttakendur í innra mati.
- Greinargerð um innra mat er hluti af starfsáætlun leikskólans, hún er birt á heimasíðu og borin undir foreldraráð til umsagnar.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf og umbótaáætlun sett fram í starfsáætlun.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa.
- Leita leiða til að bæta aðstöðu til hreyfipjálfunar innandyra.
- Skoða ástæður starfsmannaveiltu og hvernig hægt er að draga úr henni.
- Kynna stefnuna betur fyrir foreldrum og nýju starfsfólki og gera gildin sýnilegri í umhverfinu.
- Efla umræðu um hugmyndafræði leikskólans meðal starfsfólks og gera hana sýnilegri í starfi.
- Gera í skólanámskrá grein fyrir hvernig markmið leikskólans eru metin og skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Tilgreina í skólanámskrá hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst á milli leik- og grunn- skóla.
- Vinna áfallaáætlun og setja saman áfallateymi.
- Skrá verklagsreglur um hvernig bregðast eigi við slysum á börnum og hafa þær sýnilegar á deildum.
- Skrá með skýrari hætti hvernig staðið er að móttöku nýrra barna og foreldra.
- Skrá verklag um móttöku og upplýsingagjöf til nýrra starfsmanna.

- Gera símenntunaráætlun og birta í starfsáætlun.
- Gæta að því að undirbúningstímar falli ekki niður.
- Gæta þess að deildarfundir falli ekki niður.
- Sjá til þess að persónuupplýsingar séu varðveittar með öruggum hætti.
- Skýra upplýsingaferli milli stjórnenda og starfsmanna, bæta upplýsingar um sérþarfir barna og gera þær sýnilegar.
- Vinna að því að efla traust foreldra til leikskólastjóra og starfsmanna.
- Æskilegt er að stjórnendur fylgist markvisst með námi og starfi á deildum í því skyni að veita endurgjöf og leiðbeina starfsmönnum um nám og uppeldi.
- Leita leiða til að leikskólastjóri hafi aðgang að ráðgjöf og stuðningi frá öðrum leikskólastjórum eða sérfræðingum í stjórnun.
- Endurskoða dagskipulag á eldri deild með hliðsjón af því að gefa hópastarfi rýmri tíma.
- Vinna að því að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum er varða skipulag, viðfangs-efni og verkefnaval.
- Auka aðgengi barna á yngri deild að bókum og gera ritmál sýnilegra og í hæð barnanna.
- Leggja áherslu á markvisst útinám samkvæmt áherslum leikskólans.
- Auka búnað og tæki til vísindastarfa og gera vísindum og stærðfræði hærra undir höfði í starfi leikskólans.
- Móta samræmdar áherslur um hvernig tekið er á móti börnum að morgni og þau kvödd í lok dags.
- Auka mætti skráningar í ferilmöppum barnanna.
- Leita leiða til að velja fulltrúa í foreldraráð með lýðræðislegum hætti.
- Bæta tengingu og upplýsingamiðlun á milli leikskólans og stjórnar foreldrafélgsins.
- Koma á og samræma verklag um upplýsingagjöf til foreldra um innra starf leikskólans.
- Auka samtal og upplýsingagjöf til foreldra í lok dags.
- Huga að aukinni þátttöku foreldra í námi og framförum barnanna.
- Starfsmenn samræmi áherslur um samskipti og viðmót við foreldra.
- Kynna fyrir foreldrum og gera sýnilega áætlun um samstarf skólastiga.
- Útbúa skriflega stefnu í stuðnings- og sérkennslumálum og verkferla um framkvæmd hennar.
- Gera matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar hvenær helstu þættir starfsins eru metnir.
- Meta markmið skólanámskrár markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur.
- Huga að stofnun matsteymis með fulltrúum stjórnenda, starfsfólks og foreldra þannig að allir hópar geti komið að því að ákveða áherslur og forgangs röðun í innra mati.
- Skoða hvernig foreldrar geta komið markvissar að mati á leikskólastarfinu.
- Draga saman helstu styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir matið í heild sinni í greinargerð um innra mat.
- Æskilegt væri að skilgreina umbætur með markvissari hætti, tímasetja þær og tilgreina hvernig eigi að meta árangur aðgerða.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum Skýjaborg leiðir í ljós að þar fer fram gott leikskólastarf sem er í góðu samræmi við áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins. Vel er búið að leikskólanum af hálfu sveitarfélagsins og stjórnendur og starfsmenn leitast við að vinna vel og skapa börnunum góð uppeldis- og þroskaskilyrði. Áfram þarf þó að leita leiða til að fá fleiri leikskólakennara til starfa. Leikskólastjóri vinnur að því að skapa góðan leikskólabrag og er sýnilegur í leikskólanum. Starfsandi er góður, starfsfólki líður vel og það er stolt af starfi sínu. Unnið er markvisst að málörvun, læsi og sjálfbærni með áherslu á útnám og frjálsum leik er gefið gott rými. Börnin eru glöð og áhugasöm, sýna styrkleika í samskiptum og finnst gaman í leikskólanum. Starfsmenn sýna börnunum virðingu og umhyggju og viðmót þeirra er jákvætt og hvetjandi. Samstarf á milli leik- og grunnskólastigs er gott og vel er staðið að sérkennslu barna. Auka má lýðræðislega þátttöku barna og áhrif þeirra á skipulag starfsins og auka samtal og upplýsingagjöf til foreldra. Markvisst er unnið að innra mati, fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við gagnaöflun og allir starfsmenn taka virkan þátt. Börnin eru þátttakendur í innra mati en tækifæri felast í að auka þátt foreldra. Meta þarf markmið skólanámskrár markvisst og tilgreina viðmið um gæði og árangur.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef 12. maí 2018. Slóðin er:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Deildarnámskrá Regnbogans 2017-2018. Slóðin er:

<http://skoli.hvalfjardarsveit.is/content/n%C3%A1msskr%C3%A1r-%C3%A1%C3%A6tlanir-og-sk%C3%BDrslur>

Deildarnámskrá Dropans 2017-2018. Slóðin er:

<http://skoli.hvalfjardarsveit.is/content/n%C3%A1msskr%C3%A1r-%C3%A1%C3%A6tlanir-og-sk%C3%BDrslur>

Erindisbréf fræðslu- og skólanefndar Hvalfjarðarsveitar. Slóðin er:

<http://hvalfjardarsveit.is.b400.opex.is/sites/default/files/Nefndir/Erindisbr%C3%A9f%20fr%C3%A6%C3%B0slu-%20og%20sk%C3%B3lanefnd.pdf>

Foreldrahandbók Skýjaborgar.

Grænfánaskýrsla Skýjaborgar 2014-2017. Slóðin er:

<http://skoli.hvalfjardarsveit.is/sites/default/files/gr%C3%A6nf%C3%A1nask%C3%BDrsla%20Sk%C3%BDjaborgar%202017-%20Leik-%20og%20grunnsk%C3%B3li%20Hvalfjar%C3%B0arsveitar.pdf>

Heimasíða Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Slóðin er: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is/>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Skóladagatal Skýjaborgar 2017-2018. Slóðin er:

<http://skoli.hvalfjardarsveit.is/content/sk%C3%B3ladagatal-2>

Skólanámskrá Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar: Skýjaborg 2017. Slóðin er:

<http://skoli.hvalfjardarsveit.is/content/sk%C3%B3lan%C3%A1mskr%C3%A1>

Skólastefna Hvalfjarðarsveitar 2016-2019. Slóðin er:

<http://hvalfjardarsveit.is/sites/default/files/skolamal/Sk%C3%B3lastefna%202016-2019.pdf>

Starfsáætlun Skýjaborgar 2017-2018. Slóðin er:

<http://skoli.hvalfjardarsveit.is/sites/default/files/starfs%C3%A1%C3%A6tlun%20sk%C3%BDjaborgar%202017-2018.pdf>

Starfsmannahandbók Skýjaborgar.

Viðhorfskönnun hjá starfsmönnum Heiðarskóla og Skýjaborg Hvalfjarðarsveit apríl 2018.

Viðhorfskönnun hjá foreldrum barna í Heiðarskóla og Skýjaborg Hvalfjarðarsveit apríl 2018.

Viðtöl:

Símtal við formann fræðslunefndar.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp starfsmanna.

Viðtal við sérkennara.

